


Hafnarfjarðarbær
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður



Efni: Yfirfærsla veghalds á skilavegi frá Vegagerðinni til Hafnarfjarðar.

Vegagerðin vísar til fyrri samskipta varðandi yfirfærslu veghalds á svokölluðum skilavegum, sbr. bréf dags. 8. september sl., sem varðar vegi innan marka Hafnarfjarðar, sem falla úr tölu stofnvega samkvæmt 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 en verða sveitarfélagsvegir. Vegagerðin hefur annast veghald þessara vega samkvæmt tímabundinni heimild í vegalögum, sbr. nú lög nr. 139/2020, sem fellur úr gildi um næst komandi áramót.

Síða 1/2

Með bréfi þessu tilkynnist um yfirfærslu á eftirtöldum vegi, sbr. niðurstöðu starfshóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga:

1. Fjarðarbraut nr. 470-01, frá Hafnarfjarðarvegur (40-06) að Hvaleyrarbraut, lengd: 2,83 km.

Viðræður hafa staðið yfir á milli Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðar um gerð samnings um yfirfærslu þessa vegs með tilliti til skuldbindinga varðandi viðhaldsaðgerðir á grundvelli niðurstöðu starfshóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er litið svo á að viðræður séu langt komnar en Vegagerðin bíður viðbragða bæjarins við tillögu að samningi.

Vegagerðin vekur sérstaka athygli Hafnarfjarðar á þeirri þjónustu sem færist frá Vegagerðinni yfir til Hafnarfjarðar þann 1. janúar 2022.

Vegagerðin hefur verið með þjónustusamninga við verktaka um eftirtalda þjónustupætti:

1. Hreinsun vegyfirborðs og vegsvæða.
2. Hreinsun niðurfalla og brunna.
3. Vegmerkingar.
4. Veglýsing.
5. Umferðarljós.
6. Vetrarþjónusta, snjómokstur og hálkuvörn.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Það upplýsist hér með að Vegagerðin vinnur nú að því að tilkynna verktökum sem um ræðir að með yfirfærslu veghalds til Hafnarfjarðarbæjar verði Vegagerðin ekki lengur verkkaupi samkvæmt samningum um þjónustu sem um ræðir.

Auk framangreinds færast önnur þjónusta sem inna þarf af hendi vegna veghalds yfir til Hafnarfjarðarbæjar sem verður veghaldari vegarins frá 1. janúar 2022. Vegagerðin mun ekki greiða Hafnarfjarðarbæ fyrir grasslátt og hreinsun rusls af vegsvæði frá og með þeim tíma né fyrir aðra þjónustu, s.s. peruskípti og fleira varðandi umferðarljós.

Vegagerðin er reiðubúin til samstarfs og samvinnu til þess að yfirfærsla veghalds geti orðið með þeim hætti að samfella verði í veghaldi og ekkert rof á þjónustu við yfirfærsluna 1. janúar 2022.

Síða 2/2

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Bergþóra Þorkelsdóttir

Undirskrift



Vegagerðin